

Leikskólinn Árbær

Læsi í fjölmennningarlegu leikskólastarfi

Að læra um ólíka heima, vera forvitin og fróðleiksfús



Kristín Eiríksdóttir
18.5.2016

Efnisyfirlit

MARKMIÐ VERKEFNIS	2
BAKGRUNNUR VERKEFNISINS	2
LEIÐIR SEM VALDAR VORU TIL AÐ NÁ MARKMIÐI	3
ÁRBÆR – FJÖLMENNINGARLEGUR LEIKSKÓLI	3
LYKILPERSÓNA	4
FJÖLMENNINGARLEGT NÁMSEFNI OG UMHVERFI	5
PERSÓNULEG ORÐABÓK	7
VIRKT MÓÐURMÁL	9
FRÁVIK OG HINDRANIR MIÐAÐ VIÐ ÁÆTLUN	11
AFRAKSTUR OG ÁVINNINGUR VERKEFNISINS	13
MAT Á VERKEFNI	14
NIÐURSTAÐA VERKEFNISINS	16
KYNNINGARÁÆTLUN	16

Nafn skóla: Heilsuleikskólinn Árbær, Selfossi
Nafn verkefnis: Fjölmennningarlegt leikskólastarf
Nafn verkefnisstjóra: Kristín Eiríksdóttir leikskólastjóri

Markmið verkefnis

Markmið þessa verkefnis var að efla læsi allra barna með áherslu á fjölmennningarlegt skólastarf í leikskólanum Árbær. Í fyrsta lagi voru þróaðar aðferðir við að efla móðurmál tvítyngdra barna, í öðru lagi var stuðningur við íslenskukennslu eflur með persónulegri orðabók barnsins, í þriðja lagi var komið á lykilmálinu hvers tvítyngds barns og hlutverk hennar skýrt. Í fjórða lagi var farið yfir umhverfi og námsefni leiksólans með það fyrir augum að það endurspegli fjölmenningu.

Bakgrunnur verkefnisins

Þegar unnið er með fjölmennningarlegum barnahópi í leikskóla er mikilvægt að hafa í huga að hvert barn fái notið sín sem einstaklingur og að starfið endurspegli menningu hvers barns að einhverju leyti. Gera þarf öllum börnum kleift að vera þátttakendur í leikskólastarfinu og stuðla þarf að jákvæðu umhverfi með fjölbreyttu námsefni sem endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins. Flest börn eru fljót að aðlagast nýju tungumáli og eiga auðvelt með að læra fleiri en eitt tungumál. Móðurmálið er grunnurinn og þarf að hlúa að því til að börn geti lært nýtt tungumál. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í að efla málvitund og færni í tjáningu og að koma á virku tvítyngi. Kennurum ber að virða móðurmál barnsins til dæmis með því að gera það sýnilegt í leikskólanum og hvetja foreldra til að tala móðurmál sitt við börnin sín. Einnig er mikilvægt að tengja móðurmál barna við íslensku og er persónuleg orðabók barnsins góð leið til þess. Þá er orðið táknað, skrifað á móðurmáli barnsins og á íslensku. Það getur einnig hjálpað tvítyngdu foreldri til að læra íslensku. Aðlögun barna og foreldra, sem og gott foreldrasamstarf, gegnir lykilmálinu í vinnu með fjölmennningarlegum barnahópi. Góð samvinna og traust til foreldra veitir börnum öryggi og sjálfstraust í skólastarfinu og stuðlar að betri námsárangri þeirra og hjálpar þeim að aðlagast nýju heimalandi. Oft er menning barnanna gerð sýnileg í leikskólanum sem getur spornað við fordómum og stuðlað að víðsýni barna og foreldra. Foreldrar eru mikilvægir í því að gera leikskólastarfið fjölmennningarlegt og geta til dæmis komið með myndir, leikföng, bækur, tónlist og fleira að heiman ásamt því að kenna starfsfólkinu algeng orð á þeirra móðurmáli.

Til að efla læsi tvítyngdra barna í fjölmennningarlegu starfi í leikskólanum Árbæ þurfti starfsfólkið tíma og rými til að vinna að því að þróa aðferðir við að efla móðurmál tvítyngdra barna, efla stuðning við íslenskukennslu með persónulegri orðabók barnsins, að koma á lykilmálinu hvers tvítyngds barns og að skýra hlutverk hennar í starfslýsingu. Einnig að fara yfir umhverfi og námsefni leiksólans með það fyrir augum að það endurspegli fjölmenningu. Reiknað var með að starfsfólkið þyrfti að minnsta kosti fjóra fundi utan vinnutíma til að vinna

sérstaklega að þessu verkefni og að kalla til sín sérfræðinga á sviðinu til að fjalla um fjölmenningu, orðabókina, foreldrasamvinnu með tilliti til móðurmáls og hefða, siða og hátíða viðkomandi lands.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Fimm leiðir voru farnar til að byggja upp fjölmenningarlegt leikskólastarf í Árbæ. Þær voru skilgreining á fjölmenningarlegu leikskólastarfi og sameiginlegur skilningur alls starfsfólks, gerð starfslýsingar fyrir lykilpersónu, skilgreining á fjölmenningarlegu námsefni og umhverfi, gerð persónulegra orðabóka fyrir tvítýngd börn í leikskólanum og að koma á virkri örvun móðurmáls tvítýngdra barna. Að lokum var verkefnið metið og eftirfylgd þess skipulögð.

Árbær – fjölmenningarlegur leikskóli

Í júní 2015 undirbjó stjórnunarteymi Árbæjar, leikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri verkefnið með því að heimsækja leikskólann Ösp og leikskólann Rauðhól í Reykjavík til að kynna sér hvernig unnið er með fjölmenningu þar. Á báðum leikskólum er hópur tvítýngdra barna. Einnig vann stjórnunarteymið að undirbúningi að gerð orðabókar sem unnið yrði með á meðan á þróunarverkefninu stæði.

Verkefnið hófst í ágúst á fundi þar sem rætt var um skilgreiningu á fjölmenningarlegu leikskólastarfi og í hverju það felst. Starfsfólkið sameinaðist um eftirfarandi skilgreiningu á starfi leikskólans:

- Leikskólinn Árbær er fjölmenningarlegur leikskóli. Við teljum að öll börn geti notið sín í Árbæ á sínum forsendum. Styrkleikur leikskólans felst í fjölbreytni, það er í lagi að vera ólíkur öðrum. Við leikum, lærum og eigum í samskiptum án fordóma.
- Starfsfólk Árbæjar vinnur sífelld með eigin viðhorf og fer fjölbreyttar leiðir í samskiptum við fjölskyldur. Fjölbreytt fjölskylduform eru viðurkennd og í Árbæ er borin virðing fyrir öllum.
- Lögð er áhersla á að efla samvinnu og samkennd í barnahópnum. Leitast er við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd allra barna þannig að þau geti sýnt styrkleika sinn og þekkingu.
- Starfsfólk Árbæjar hefur yfirfarið leikefni og umhverfi barnanna með það fyrir augum að það sýni fjölbreytni í allri sinni mynd.
- Unnið er með ólík tungumál og ritmál og starfsfólk Árbæjar hefur kynnt sér leiðir til að kenna íslensku sem annað mál.
- Fjölmenningatrymi leikskólanna í Árborg vinnur að gerð móttökuáætlunar fyrir leikskólanna í Árborg. Fjölmenningatrymi leikskólanna í Árborg skipa tveir starfsmenn frá hverjum leikskóla, leikskólarnir eru fimm.

Einnig var rætt nánar um hvernig unnið skuli með fjölmenningu í skólanum. Starfsfólk var sammála um að í Árbæ:

- erum við meðvituð um margbreytileika nemendahópsins
- virðum við þjóðerni allra barna, foreldra og starfsmanna
- erum við með myndrænt skipulag
- köllum við á túlk þegar þörf krefur
- hvetjum við börn til að nota móðurmál sitt og kenna öðrum algeng orð
- hvetjum við foreldra til þess að nota móðurmál sitt í samskiptum við börn sín
- lærum við að fólk er ólíkt en samt jafn mikils virði
- kynnum við okkur erlenda barnabókahöfunda
- berum við virðingu fyrir ólíkum uppruna fólks og ólíkum fjölskyldugerðum
- notum við samskiptabók þegar það á við
- notum við orðabók/myndabók fyrir tvítýngd börn
- kennum við börnum íslensku, í leik og í samskiptum með öðrum börnum

Lykilpersóna

Á starfsmannafundi 27. ágúst var unnið með annan verkþátt verkefnisins, en hann fólst í að móta starfslýsingu lykilpersónu fyrir tvítýng börn og koma henni í framkvæmd. Miklar umræður urðu í starfsmannahópnum um hlutverk lykilpersónu og hlutverk hennar. Spurningunni: Hverjir þurfa á lykilpersónu að halda í aðlögun var velt upp í starfsmannahópnum. Niðurstaðan var sú að öll börn og foreldrar þeirra þurfa á lykilpersónu að halda í aðlögun að leikskóla. Því var ákveðið að skerpa á því verkferli sem hefur verið í aðlögun barna að Árbæ með hlutverk lykilpersónu í huga.

Hlutverk Lykilpersónu í aðlögun barna í Heilsuleikskólanum Árbæ

Hlutverk lykilpersónu er að vera tengiliður á milli leikskólans og foreldra. Hún tekur þátt í aðlögun barnsins ásamt deildarstjóra, auk þess sem hún er sá aðili sem barnið tengist mest við í upphafi leikskólagöngu. Hún sinnir barninu í daglegu starfi á deildinni ásamt öðru starfsfólki deildarinnar og deildarstjóra. Lykilpersóna á að mynda traust samskipti og upplýsa foreldra um hvernig dagurinn gekk ásamt deildarstjóra. Lykilpersóna í Árbæ á að sýna umhyggju, vera hjálpsöm, gefa af sér og geta sett sig í spor annarra.

Starfslýsing

- Fyrsta dag aðlögunnar tekur deildarstjóri viðtal við foreldra ásamt lykilpersónu og lykilpersóna fylgir þeim eftir fyrstu vikuna
- Er tengiliður barns og foreldra við aðra í kennarahópnum og hefur það hlutverk að kynna deildina, starfsfólk leikskólans og leikskólann á markvissan hátt fyrir barninu og foreldrum þess í samvinnu við leikskólastjóra og deildarstjóra
- Upplýsir fjölskyldu barnsins um:

- stefnu leikskólans
- Heilsubók barnsins og TRAS
- afhendir kynningarbækling Heilsuleikskólans Árbæjar fyrir foreldra
- dagskipulag Árbæjar
- líðan barnsins yfir daginn
- að kynna siði og venjur á Íslandi
- heilsugæslu og ónæmissprautur
- barnabílstóla og umferðarreglur
- tómsundur fyrir börn á leikskólaaldri
- litadaga í leikskólanum
- veðurfar og útiveru í leikskólum – mikilvægi þess að hafa klæðnað með fyrir barnið miðað við veður og aukaföt
- afmælisveislur

Lykilpersóna á einnig að sjá til þess að almennar upplýsingar komist til skila um það sem er væntanlegt í leikskólastarfi. Að lokum upplýsir deildarstjóri í foreldraviðtali um flutning á milli deilda. Deildarstjóri ásamt lykilpersónu aðstoða við aðlögun og kynna nýja lykilpersónu á nýrri deild fyrir foreldrum.

Fjölmenningarlegt námsefni og umhverfi

Á þriðja fundi þróunarverkefnisins 13. október var farið yfir námsefni og umhverfi með það fyrir augum að það endurspegli fjölbreytileika mannlífsins og fjölmenningu.

Fundurinn hófst á því að farið var yfir hvað fjölmenningarlegt námsefni er og umhverfi. Vinnufundur var haldinn inni á hverri deild þar sem starfsmenn deildarinnar fóru yfir námsefnið og umhverfi deildarinnar. Byrjað var að vinna með námsefnið og að gera fjölmenningu sýnilega í umhverfi leikskólans.

Eftirfarandi umræðupunktur voru settir fram fyrir starfsfólk deildanna að ræða sín á milli:

1. Hvernig er staðan á deildinni minni í dag, er umhverfið fjölmenningarlegt? Mat á umhverfi leikskólans. Farið yfir deildina eftir gátlistanum mat á umhverfi skólans.
2. Leit að skilaboðum í barnabókum. Finnið bækur sem þið teljið vera fjölmenningarlegar og setjið á afmarkaðan stað í leikskólanum þar sem allar deildir geta gengið í bækurnar. Að starfsfólk sé meðvitað um hvað bækurnar eru að boða sem það les fyrir börnin.

Stuðst var við matslistann „Mat á umhverfi leikskólans“ sem er þýddur og endursagður úr bókinni Anti-Bias Curriculum. Tools for Empowering Young Children eftir Louise Derman-Sparks og The A.B.C. Task Force. Þýðendur Anna Margrét Þorlákisdóttir og Fríða B. Jónsdóttir.

Lista af þessu tagi er hægt að nýta til þess að meta umhverfi leikskólans með tilliti til leikefnis, bóka, aðferða og fleira.

Rætt var um hvað hægt sé að gera inni á deild/leikskóla til að efla fjölmenningslegt námsefni og umhverfi. Þær hugmyndir sem komu fram voru:

- hafa þemaviku
- kynna mat frá ýmsum löndum
- kenna söngva í samverustundum á íslensku og því tungumáli sem barnið er frá (t.d. Meistari Jakob)
- kynna stafrófið
- bjóða góðan dag og kveðja á íslensku og móðurmáli barnsins
- hafa þjóðfána barnanna sýnilega
- gera orðabók fyrir barnið sem inniheldur myndir af ýmsu, t.d. húsi, bíl, fjölskyldu o.fl. þar sem bæði foreldrar og kennarar þýða (útskýra) hugtök
- gera verkefni um fjölskylduna mína, húsið mitt og hafa sýnilegt.

Starfsfólkið fór sérstaklega yfir grunnþætti menntunar og námssviðin og hvernig hægt er að vinna með fjölbreyttar hefðir í listsköpun, tónlist eða dansi. Einnig þegar kynnt er tónlist eða önnur list frá ólíkum menningarsvæðum. Hægt er að nota myndir frá ólíkum menningarsvæðum og telja með börnum á ýmsum tungumálum.

Rætt var um að mikilvægt sé að vinna með heimamenningu barna, hátíðir og uppákomur. Þá er gott að útvega raunverulega hluti t.d. búninga, leirtau og myndir frá ólíkum menningarheimum í hlutverkakrök.

Persónubrúður gefa oft tilefni til að vinna samvinnuverkefni og verkefni um virðingu og samskipti í foreldra- og barnahópnum. Þá læra börnin að skiptast á og deila með sér, setja sig í spor annarra, leika hlutverkaleik þar sem íslensk börn eru erlend og öfugt.

Marga leiki og söngva læra börn fljótt og gefa þeir tilefni til að þjálfra grófhreyfingar og orðaforða. Börnin herma þá eftir hvert öðru og læra ný orð. Hægt er að lesa sögu á ólíkum tungumálum og velta orðum fyrir sér.

Starfsfólkið ræddi um gagnsemi könnunaraðferðarinnar fyrir börn sem eru að læra íslensku þar sem aðferðin snýst um að vinna verkefni sem hafa raunverulegan tilgang fyrir börnin og byggja á áhuga þeirra – Learning by doing. Með því að styðjast við könnunaraðferðina til þess að kynnast ólíkum bakgrunni barna geta börnin lært íslensk orð yfir reynslu sína og nánasta umhverfi.

Í lok fundarins talaði starfsfólkið um ýmsa leiki sem örva orðaforða og hlustun og sem gott er að nýta í daglegu starfi. Má þar nefna:

- Þrautakóngur
- Skuggaleikur
- Hlaupa og hlusta
- 1.2.3. Dimmalimm

- Dulafulla röddin
- Að para saman hljóð og mynd
- Nafnaleikir
- Jósep segir
- Tærnar hreyfa sig
- Hóký Póký
- Hollinn, skollinn
- Boltaleikur
- Látið hlutinn ganga
- Flöskustútur
- Eftirhermur
- Slökun


Rætt var um að hafa hugmyndir að verkefnum sem tengjast fjölmenningu aðgengileg í möppu inni á hverri deild. Ákveðið var að hafa möppu á sameiginlegu svæði í tölvum leikskólans, þar sem allir hafa aðgang að, með verkefnum fyrir fjölmenningu og myndum í orðabækur fyrir börnin. Myndum vegna matseðils, dagskipulags, fatnaðs, helstu svæði leikskólans svo sem sal, útisvæði og myndlistarkrök, leikefni, eldhús, myndir frá deildunum og myndir af starfsfólki.

Persónuleg orðabók

Persónuleg orðabók hvers tvítyngds barns var þróuð með táknum, orðinu á móðurmáli barnsins og á íslensku til að byggja upp virkt tvítyngi hjá hverju barni. Orðabókin á að fara á milli skóla og heimilis og nýtist því einnig tvítyngdum foreldrum barnsins í að byggja upp íslenskan orðaforða.

Ákveðið var að gera orðabók fyrir aðlögun allra barna í Árbæ. Hvert barn fær orðabók með sér heim í byrjun aðlögunar þar sem það getur rifjað upp með foreldrum/forráðamönnum veru sína í leikskólanum. Í orðabókinni eru myndir af svæðum leikskólans, starfsfólki og dagskipulagi.

Dæmi um orð í orðabók:



Orðið á íslensku

Orðið á tungumáli barnsins

Ákveðið var að setja upp dagskipulag hvernar deildar á myndrænan hátt í orðabók.

Virkt móðurmál

Fríða Bjarney Jónsdóttir hélt fyrirlestur og vinnustofu fyrir starfsfólkið 24. febrúar. Markmiðið með þeim fundi var að starfsfólkið þróaði aðferðir við að efla virkt móðurmál tvítyngdra barna með aðstoð foreldra þeirra. Einnig að gerð yrði áætlun um að efla móðurmál barnsins heima og í leikskólanum.

Fríða Bjarney setti fram eftirfarandi skilgreiningu á tvítyngi:

Þegar barn notar tvö tungumál eða fleiri daglega og „lifir“ þannig í báðum (öllum) tungumálunum er talað um „virkt tvítyngi“. Börn virðast hafa alla burði til að læra tvö eða fleiri mál samtímis og verða tvítyngd.

Hún undirstrikaði að það væri afdráttarlaus stefna um að á öllum skólastigum beri að virða og vinna með móðurmál og stefna að virku tvítyngi. Þetta á ekki síst við á þeim viðkvæmu mótunarárum sem leikskólaárin eru.

Einnig ræddi Fríða Bjarney um mikilvægi móðurmáls í huga og hjarta hvers og eins. Móðurmálið hefur grundvallaráhrif á tilfinninga, vitsmuna, líkams og félagsþroska enda hefur það tekið sér bólfestu í öllum krókum og kimum vitundarinnar. Þegar við tölum og heyrum móðurmál okkar myndast djúpstæðar tengingar á milli heila, hjarta og tungu sem hafa stöðug áhrif á heildarþroska okkar, sýn og þekkingu á heiminum.

Móðurmálið mikilvægur grunnur fyrir máltöku annars máls. En móðurmálið er ekki síður mikilvægt í sjálfu sér fyrir einstaklinginn og allan þroska hans. Ferlið við að læra íslensku sem annað mál er heildstætt ferli þar sem barnið þarf að vera í brennidepli.

Fríða Bjarney varaði við því að ýmsar sérsniðnar aðferðir gera oft minna gagn en almennar aðferðir þegar verið er að kenna börnum íslensku sem annað mál. Ofuráhersla á sérkennslu í íslensku verður oft á kostnað annarra þátta sem hafa áhrif á málþroska barna. Menntun tvítyngdra barna felst ekki í tungumálakennslu eingöngu heldur því að veita tvítyngdum einstaklingum menntun við hæfi. Að því leyti eru markmið menntunar tvítyngdra barna ekki frábrugðin markmiðum menntunar almennt. Skólastarfið þarf að aðlaga að nýjum tímum og aðstæðum – að fjölmenningarlegri nemendahópi og tryggja þannig jöfn námstækifæri allra barna.

Loks var undirstrikað að umræða um íslenskukunnáttu tvítyngdra barna hefur oft einkennst af því sem kallast hallalíkan (e. deficit model). Horft á það sem börn vantar og kunna ekki (íslenska). Ekki er horft á það sem börn hafa og kunna (móðurmál), heldur oft gengið út frá því að það þurfi að laga þau og lækna og síðan geta þau tekið þátt í skólastarfinu.

Mikilvægt er að allir sem koma að tvítyngdum börnum þurfa að hafa sameiginlega sýn og markvissa áætlun stjórnvalda og skóla í samstarfi við foreldra sem hefur það að markmiði að gera tvítyngd börn stolt af menningu sinni og móðurmáli um leið og þau efla færni sína í íslensku. Skapa þarf almenna vitneskju og þekkingu á því að virkt tvítyngi sé jákvætt fyrir

einstaklinginn og fyrir samfélagið í heild en að málskipti hafi neikvæð áhrif á tengsl einstaklinga við eigið sjálf og fjölskyldur þeirra með slæmum afleiðingum fyrir náms- og vitsmunabroska.

Fríða Bjarney lagi síðan verkefni fyrir starfsmannahópin sem nefnist Klippimynd – í sporum barnsins. Verkefnið fjallar um að vera forvitin um áhugamál barnsins, sögur og reynslu. Kennari fylgir tvítyngdu barni eftir einn dag eða nokkra klukkutíma þar sem hann forvitnast um áhugamál barnsins og fetur í fótspor þess. Kennari tekur myndir og skráir niður það sem barnið hefur áhuga á. Það getur verið það sem barnið er að gera, leikföng eða eitthvað sem gerist í matartímanum, leikir, samveran, leikvöllurinn, hvíldartíminn o.s.frv. Kennarinn prentar myndirnar út og gerir klippimynd sem hann tekur með á deildarfund.

Mikilvægt er að starfsfólk leikskólans þekki sögu barnsins. Starfsfólk á að þekkja hana og vera forvitin um lífsreynslu barnsins, af því að það gefur því nauðsynlega þekkingu um þá manneskju sem barnið er og um þau spor sem barnið tekur í heiminum.

Starfsfólkið var hvatt til að ræða sín á milli á deildarfundum, skoða klippimyndir og tala um:

- Hvað er barnið að leika (hvaða sögu er barnið að leika?)
- Hvað er barnið oft þegar það er í leikskólanum? (hlutverk)
- Með hverjum er barnið? Hvað gera þau saman?
- Hvaða sögum/bókum/leik er barnið hrifið af?
- Hvenær virðist barnið vera áhugasamt? Hvað er það sem höfðar til þess?
- Hvað segir barnið þér?
- Hvað setur barnið í skúffuna sína? Hvað tekur það með sér í leikskólann?

Verkefnið er þýtt og staðfært með leyfi <http://www.ltk.dk/sprog-er-en-gave>

Að lokum var umræða í hópnum um eftirfarandi vangaveltur:

- Starfsfólkið var sammála mikilvægi þess að vera meðvitað um það hvernig það talar við börn af erlendum uppruna sem og íslensk börn. Vera meðvitað um það hvort samtöl þess við börnin einkennist af því að hinn fullorðni spyrji og börnin svari. Mikilvægt er að við hvetjum börnin til þess að deila reynslu, líðan, skoðunum og þekkingu.
- Mikilvægt er að starfsfólk sé meðvitað um það að eiga samtöl sem einkennast af jafnræði við börnin.
- Mikilvægt er að nota þekkingu okkar á bakgrunni barnanna til að eiga samtöl við barnið.
- Mikilvægt er að hvetja börnin til frásagnar af liðnum atburðum, svo sem því sem þau gerðu um helgina eða hvað þau voru að gera áðan.
- Starfsfólk er meðvitað um að það fari eftir því hversu auðvelt börnin eigi með að tjá sig hvort þau taki þátt í umræðum sem einkennast af samningum, umræðum eða rökræðum. Það á jafnt við um tvítyngd börn sem og íslensk börn.

- Hópurinn var meðvitaður um að börn sem eiga erfitt með að tjá sig eiga auðveldara með að taka þátt í samtölum þegar talað er um hluti, svo sem pýramída, kastala og fallega steina en þegar talað er um persónuleg efni svo sem tilfinningar og hvað okkur finnst um ýmislegt sem við upplifum.

Frávik og hindranir miðað við áætlun

Í byrjun verkefnisins voru umræður um það í starfsmannahópnum að leggja beri áherslu á heimamenningu barna af erlendum uppruna og hafa þjóðfána barnanna sýnilega, til dæmis við fatahólf þeirra. Miklar umræður spunnust um þetta sjónarmið, bent var á það að ef barn er fætt á Íslandi er það með íslenskan ríkisborgararétt og ekki er víst að foreldrar vilji að fáni föðurlands þess sé áberandi við fatahólf barnsins. Rætt var um mikilvægi þess að hafa alltaf samráð við foreldra.

Á fyrsta fundi verkefnisins var starfsmannahópnum skipt í hópa þar sem hver hópur fjallaði um ákveðnar spurningar sem lagðar voru fyrir hvern hóp. Spurningarnar lutu að viðhorfum starfsmanna. Þar ræddu starfsmenn opinskátt um viðhorf sín til ýmissa málefna í samfélaginu í dag og um fordóma almennt. Eftir þennan fyrsta vinnufund átti starfsfólk auðveldara með að ræða um ólík viðhorf sín og auðveldara var að viðra ólík sjónarmið innan starfsmannahópsins og opinská umræða varð um fordóma. Þessi umræða skerpti á verkefninu, allir starfsmenn voru sammála því að virðing, umburðarlyndi og sveigjanleiki væri lykill að öllu samstarfi. Ákveðið var að verkefnið fjalli ekki eingöngu um börn af erlendum uppruna heldur um öll börn í leikskólanum. Að verkefnið fjalli um ólíka einstaklinga að allir eru einstakir og að allir eru ólíkir. Að mikilvægt sé að virða alla og fagna fjölbreytileikanum, jafnt í barnahópnum, starfsmannahópnum og foreldrahópnum og í samfélaginu öllu. Þegar hópurinn hafði farið í gegnum þessa umræðu og þessi niðurstaða var fengin var auðvelt fyrir starfsmannahópinn að vinna að verkefninu, það varð leikur einn.

Áfangamat á verkefninu

Áfangamat var gert á verkefninu um áramót. Niðurstöður matsins voru eftirfarandi:

Hvernig ert þú að upplifa starfið og vinnu í tengslum við fjölmenningarverkefnið í Árbæ?

- Við erum að gera margt gott en getum alltaf bætt við og byggt ofan á. Við verðum meðvitaðri um ólíka menningu eða fjölskyldugerðir, við erum víðsýnni en í byrjun.
- Áhugavert og skemmtilegt og opnar nýja sýn en væri kannski hægt að gera meira. Umburðarlyndi og skilningur hefur aukist.
- Áhugavert hversu mikil vakning er hjá starfsfólki um eðli fjölmenningar, hvað er fjölmennig og viðhorf til fjölbreytileika mannlífsins.
- Mér finnst við stöðugt vera að bæta okkur með umræðu, lýðræði og opnum huga.
- Finnst við vera á réttri leið. Þarf að hafa hugann við verkefnið í allri daglegri rútínu. Gott að opna umræðuna og sjá sjálfa sig í aðstæðum sem börn og/eða aðrir eru í.

- Áhugavert að samstillta vinnu milli deilda, opna umræðuna um fjölbreytileika, s.s. tungumála og blæbrigði máls. Tileinka sér nýjar aðferðir og hampa þeirri vinnu sem þegar er verið að vinna.
- Allir tilbúnir að taka þátt og tilbúnir í að skoða sjálfan sig til að taka á fordómum og að virða alla. Þróunin orðin mikil, jafnt og þétt.
- Mér finnst starfið vera í stöðugri þróun með fjölmenningu; sjálfsskoðun, opnum huga, lýðræði með börnunum og umræðum.
- Mjög vel, finnst alltaf vera þróun og allir tilbúnir að taka þátt, sýna tillitsemi og hjálpast að.
- Nota tákn með tali og auka myndrænt form.

Hvernig er verið að efla barnið í tjáningu allan daginn?

- Tala við barnið maður á mann. Nota myndræna hjálp.
- Virk hlustun og spjall í minni hópum.
- Bækur, sögur, söngur, þulur og leikurinn.
- Með því að tala við barnið og leyfa því að tala og spyrja, umræður um bók sem verið er að lesa, spyrja opinna spurninga. Reyna að tala um það sem skiptir barnið máli.
- Almenn mannleg samskipti
- Lesa í tilfinningar.
- Hafa orð á sem flestu þegar verið er að gera hlutina; hella mjólkinni í glasið, kasta gula boltanum, þvo hendur af því að þær eru óhreinar.
- Skipulagðar kennslustundir, Lubbi og Bína bálreiða.
- Stanslaus umræða í daglegu lífi, í fataklefi, í leiknum, við matarborðið, með söng, með lestri.
- Lesa sömu bókina oft og tala um hana. Spyrja börnin um söguna með því að nota Orðaspjall.

Hvað getum við gert betur til að efla málþroska barnanna?

- Tala og setja orð á alla hluti, fara niður til barnsins og tala við það af virðingu, hlusta á það og eiga gæða stundir. Blanda okkur meira í leikinn.
- Nýta okkur bækur, bæði lesmál og myndir. Nota Tákn með tali og reyna að gera orðforðan áþreifanlegan.
- Með opnum spurningum, umræðum og að lesa í tilfinningar.
- Halda áfram á þeirri braut sem við erum á, mér finnst við vera að vinna mjög gott starf.
- Vera enn meira til staðar. Nýta öll tækifæri til að efla orðaforða, hjálpa þeim að orða hlutina.
- Lesa, spila og ræða við börnin í leik í fataklefa og í öllu daglegu starfi.
- Vera með í frjálsa leiknum.
- Fleiri orðabækur.
- Tákn með tali, minni hópar, duglegri að nefna hluti, fjölbreytileiki í leik, vera með í leik, vettvangs og gönguferðum.
- Lesa, Orðaspjall, rifja upp orð, hvetja börnin að segja frá.
- Endursögn, nýta bækur, leikrit, hlutverkaleiki og sitja með þeim í leik.
- Myndir, tákn, rím, texti, nota þyngri orð.
- Lesa og fara í Orðaspil.
- Tala meira saman út frá myndum, hlutum og velta okkur meira uppúr því sem er í kringum okkur.

- Vera vakandi finna áhugamál barna halda áfram í að efla alla málrækt, t.d. nota myndir við útskýringu orða.

Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi fjölmenningsverkefnið í Árbæ?

- Við erum rétt að byrja og það er alltaf hægt að bæta við, sýna áhuga og virðingu og leyfa okkur að læra um ólíka heima og vera forvitinn og fróðleiksfús.
- Skemmtilegt verkefni sem opnar augu manns.
- Gott og hollt að þurfa að spá í fjölbreytileikann.
- Er upplýsandi og fræðandi fyrir mig sem manneskju.
- Velti því stundum fyrir mér hvort starfsmenn almennt finnst þeir vera nægilega upplýstir um verkefnið. Fer svo sem kannski líka eftir áhuga þeirra ☺
- Skemmtilegt og þarft verkefni.
- Það mætti vera meira af verkefnum fyrir börnin og hvernig verkefni best er að vinna með þeim.
- Mætti gera meira með þetta, en þetta er mjög spennandi og alveg nauðsynlegt verkefni.
- Mjög flott hvað þetta verkefni fer flott af stað og allir duglegir að taka þátt og læra um þessi yndislegu tvítýngdu börn.
- Frábært framtak.
- Fordóma umræða góð.
- Alltaf gott að yfirfæra á sjálfan sig og horfa innávið.
- Umræðan um fordóma fær mann til að hugsa um hvernig kennari vill ég vera?

Afrakstur og ávinningur verkefnisins

Afrakstur verkefnisins var sá að starfsfólk leikskólans Árbæ vinnur nú markvisst að fjölmenningslegu leikskólastarfi og áttar sig á því í hverju það felst. Enginn er eins en allir geta verið með á sínum forsendum. Fögnum fjölbreytileikanum.

Leikskólinn Árbær er fjölmenningslegur leikskóli. Við teljum að öll börn geti notið sín í Árbæ á sínum forsendum. Styrkleiki leikskólans felst í fjölbreytni, það er í lagi að vera ólíkur öðrum. Við leikum, lærum og eigum í samskiptum án fordóma.

Afrakstur verkefnisins er:

- Starfsfólk er meðvitaðra um hvað einkennir fjölmenningslegan leikskóla og hefur sett sér viðmið fyrir Árbæ.
- Starfslýsing lykilpersónu fyrir öll börn var mótuð og komið í framkvæmd.
- Farið var yfir námsefni og umhverfi með það fyrir augum að það endurspegli fjölbreytileika mannlífsins og fjölmenningu.
- Persónuleg orðabók er bók sem útbúin er í leikskólanum og notuð til þess að efla grunnorðaforða barna með málfarsvanda.
- Persónuleg orðabók barns er þróuð með táknum, orðinu á móðurmáli barnsins og á íslensku til að byggja upp orðaforða hjá hverju barni.

- Orðabókin fer á milli skóla og heimilis og nýtist því einnig tvítyngdum foreldrum barnsins í að byggja upp íslenskan orðaforða og sem umræðupunktur inná heimili barns til að efla orðaforða.
- Starfsfólkið þróar aðferðir við að efla virkt móðurmál tvítyngdra barna með aðstoð foreldra þeirra. Áætlun gerð um að efla móðurmál barnsins heima og í leikskólanum.
- Unnið er að gerð Móttökuáætlunar í Árborg fyrir öll börn.

Mat á verkefni

Mat var unnið í formi umræðna í hópum á fundi 4. apríl 2016. Niðurstaða umræðna er að starfsfólk telur að verkefnið hafi haft rík áhrif á starfið í Árbæ. Þar sem deildarstjórar og starfsfólk vinna að því daglega inni á deildum í starfinu með börnunum. Starfsfólk finnst það vera orðið þjálfað í að vinna saman, ræða um vinnuna í vinnuni, læra hvert af öðru í anda lærdómssamfélags.

Í upphafi verkefnis var starfsfólk með mismunandi væntingar til verkefnisins. Sumir voru uppteknir af þemavikum og kynningu á heimamenningu eða þjóðmenningu heimalands hvers barns.

Það sem að hæst ber í lok verkefnis er viðhorf sem er orðið hluti af menningu leikskólans. Viðhorfið er virðing fyrir fjölbreytileikanum, sveigjanleiki í starfinu og umburðarlyndi.

Virðing, sveigjanleiki og umburðarlyndi er jú undirstaða lýðræðis og jafnréttis.

Mat í formi spurningalista gert á fundi 4. apríl 2016. Niðurstöður matsins voru eftirfarandi:

Hvernig fannst þér unnið með fjölmenningu áður en verkefnið hófst (í stuttu máli hvað fannst þér vel gert og hvað hefði mátt gera betur):

- Í niðurstöðunum um verkefnið þarf að koma fram „ferlið“. Að við vorum með mismunandi væntingar til verkefnisins, sumir voru uppteknir af tungumálinu og fjölmenningu í beinni tengingu við það en aðrir uppteknir af þemavikum og kynningu á heimamenningu eða þjóðmenningu heimalands hvers barns. Í lok verkefnisins er orðin virðing fyrir öllum fjölbreytileika það sem uppúr stendur eru breytingar í viðhorfum, meiri sveigjanleiki og meira umburðarlyndi. Málið – málþroski – og orðaforði. Eins aðstoðin/aðkoma leikskólans að foreldrum og foreldrasamstarfi sem er skoðuð.
- Fjölmennig, jafnrétti, feminismi, virðing, „fögnum fjölbreytileikanum“.
- Það var unnið ágætlega í því en nú eru starfsmenn meðvitaðri um það.
- Það var unnið þannig að allir höfðu sinn rétt, en lítil opin umræða og ekki markvisst.
- Hefur frá því við vorum í lýðræðisverkefninu verið mikið umburðarlyndi og hlustað á skoðanir allra, tekið tillit. Betra markvissari nálgun á mismunandi námsþörfum.
- Nokkuð vel. Fjölmennig er nátengd lýðræði. Alltaf má gera betur til dæmis upplýsa foreldra betur sem eru af erlendu bergi.

- Okkur fannst vanta meiri sýnilegar upplýsingar fyrir erlenda foreldra og meiri upplýsandi samskipti. Jákvætt – myndrænt skipulag var til staðar, erlendir söngvar sungnir.
- Við höfum alltaf verið með þetta í huga og alltaf hugsað um til dæmis að bæta orðaforða barnanna.
- Það var mismunandi eftir deildum. Starfsfólk var misméðvitað og mismunandi reynsla hvað varðar að takast á við fjölmenningu. Það hefði mátt vera meiri umræða og nota meira af myndum í starfinu. Við vanmátum oft skilning barnanna, þau eru svo flink að læra rútnuna á deildinni.

Hverju finnst þér verkefnið helst hafa skilað í fjölmenningarlegu starfi í leikskólanum:

- Starfsmenn eru meðvitaðri og skoða betur sjálfa sig.
- Opin umræða og starfsmenn betur meðvitaðri um mismunandi þarfir barnanna og að bakgrunnur og aðstæður barnanna eru mismunandi. Aukinn skilningur og opin umræða um fordóma og hvernig hægt er að bregðast við þeim.
- Sjálfsskoðun starfsmanna, opnari í huga, umræður.
- Við höfum opnað okkar huga fyrir fjölmenningu.
- Starfsfólk er meðvitaðra um fjölmenningu.
- Meiri virðing fyrir fjölbreytileikanum og starfsfólk er meðvitaðra um að kenna börnunum tungumálið með endurtekningum, myndum og á ápreifanlegan hátt. Aukin túlkabjónusta, nánara samstarf við foreldra, minni fordómar meðal starfsfólks. Aukin skilningur starfsfólks á þörfum tvítyngdra barna.

Hvað var ánægjulegast/áhugaverðast í verkefninu (helsti ávinningar):

- Fræðsla, upprifjun, áminning og fundirnir, áhuginn verður meiri á starfinu og umræður á fundunum.
- Fundirnir og umræðan um fordóma. Fundirnir voru nytsamlegir og góðir sem þjappaði hópnum saman og myndaði sterka heild.
- Fjölbreytt umræða. Áhugaverðar staðreyndir um tungumál sem töluð eru í Árbæ. Fundirnir.
- Opnar umræður. Meiri upplýsingar.
- Starfsfólk er komið með dýpri skilning á hugtakinu fjölmennig.
- Að opna á þessar umræður, sjálfsskoðunin, hverjir eru mínir fordómar. Það að virðing fyrir fjölbreytileikanum hefur aukist, hvort sem að það er tungumálið, fatlanir eða ólíkar fjölskyldugerðir og aðstæður.

Hvað var erfiðast við verkefnið (helstu hindranir):

- Að stoppa sig af í umræðunni.
- Mikil veikindi hjá starfsfólki hafa orsakað að erfitt hefur verið að einstaklingsmiða nám hvers barns.
- „Maður nær bara í toppinn á ísjakanum“.
- Þetta var svo áhugavert efni að það var erfitt að stoppa í umræðunni því það er hægt að ræða þetta endalaust.
- Bara jákvætt.
- Við hefðum viljað geta gert meira, en vantar tíma. Það getur tekið á að finna út hvernig hægt er að ná til barnsins, átta sig á hvað það skilur af móðurmáli sínu og íslensku.

Hvernig vilt þú að eftirfylgd með verkefninu læsi í fjölmennigarlegu starfi í Árbæ verði:

- Nýta deildar- og deildarstjórafundi í yfirferð. Deila hugmyndum milli deilda. Halda áfram að afla sér hugmynda og lesa sér til.
- Í draumaheimi væru áframhaldandi starfsmannafundir (fyrir utan starfsdaga). Eins og hafa verið í verkefninu. Halda umræðunni áfram jafn reglulega til dæmis tvisvar á haustönn og tvisvar á vorönn.
- Hvetja til og minna á sjálfsskoðun. Vera dugleg að sýna og deilda efni á milli starfsmanna sem unnið er með í tengslum við fjölmenningu.
- Halda áfram á sömu braut. Viljum starfsmannafundi með opnum umræðum og fræðslu. Til dæmis í anda fundanna í þessu verkefni.
- Markviss vinna með börnunum, til dæmis ýmis þemavinna í sambandi við fjölmenningu.
- Við höldum áfram, minna á þetta. Koma á lykildpersónu og passa uppá að fá túlka. Passa uppá að halda við umræðunni, falla ekki í fordómagryfjuna.
- Umræður ýta undir áhuga starfsmanna. Þetta byggist allt á okkur sem starfa í leikskólanum. Það vantar starfsmannafundi til þess að hafa tækifæri fyrir umræðu.

Niðurstaða verkefnisins

Það er mat starfsfólksins að það hafi öðlast þekkingu á því hvernig efla eigi móðurmál tvítyngdra barna samhliða því að efla íslenskukunnáttu þeirra í daglegu starfi leikskólans. Persónuleg orðabók barnsins er liður í þeirri vinnu og mun nýtast starfsfólki vel í framtíðinni.

Með því að koma á hlutverki lykildpersónu og móta starfslýsingu fyrir hana hefur ábyrgð verið sett á ákveðin starfsmann að vera tengiliður við fjölskyldu barnsins, að taka þátt í aðlögun þess að leikskólanum og vera í daglegum samskiptum við foreldra um hvernig dagarnir ganga í leikskólanum.

Að lokum vann allt starfsfólk leikskólans að því að fara yfir námsefni leikskólans og umhverfi með fjölmennigarlegum gleraugum og gæta þess að það endurspegli fjölbreyttan barnahóp.

Kynningarætlun

Niðurstöður verkefnisins voru kynntar á stóra skóladeginum í Árborg 27. apríl 2016. Fyrirhugað er að kynna verkefnið á ráðstefnu Samtaka um skólaþróun. Auk þess verða niðurstöðurnar kynntar fyrir fræðslunefnd Árborgar og fyrir leikskólastjórum í Árborg. Að lokum verður verkefnið kynnt á Menntakviku haustið 2016 og grein skrifuð í Skólavörðuna.